

Nr. 17-110 S 083 Mars HU 41***Strandar á Húnaflóa, stjórnandi sofnar***

Skipaskr.nr. 2148
 Smíðaður: Hafnarfirði 1992 plast
 Útgerð: ÞB ehf Hvammstanga
 Stærð: 6,85 brl. 8,14 bt.
 Mesta lengd: 9,15 m Skráð lengd: 9,06 m
 Breidd: 3,20 m Dýpt: 1,15 m
 Vél: Volvo Penta 190 KW 1998
 Fjöldi skipverja: 1



Mars ©Skip.is

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:


Þann 21. júlí 2017 var Mars HU 41 á siglingu til Hvammstanga. Veður: Hægviðri.

Mars fór frá Bolungarvík um kl. 06:30 þann 20. júlí áleiðis til Hvammstanga. Á leiðinni lagði skipstjórinn net m.a. í Hælavík, Hornvík, við Íraboða og á Eyrigrunni.

Eftir það var siglingu haldið áfram inn Húnaflóa.

Um kl. 02:30 þegar Mars var kominn vel inn á Miðfjörð strandaði báturinn á stað 65°24'356N og 020°57'147V sem er um 0,7 sml fyrir norðan Hvammstanga.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og björgunarbáturinn Húni dró Mars af strandstað og til hafnar á Hvammstanga.

**Ferill og strandstaður Mars**

Í ljós kom að talsvert tjón var á bátnum m.a á kjöl, stýri, stýrisstamma, öxli og öxullegu.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn sofnaði við stjórn bátsins. Hann taldi sig hafa sofnað um 20-25 mín áður en báturinn strandaði;
- að þegar báturinn strandaði var hann á r/v stefnu 152° og á um 8,5 hnúta ferð samkvæmt AIS ferilskráningu Vaktstöðvar siglinga;
- að skipstjórinn hafði verið vakandi í a.m.k. 20 klst. frá því að hann lagði úr höfn. Hann hafði ekki nákvæmar upplýsingar um hvíldartíma dagana á undan en taldi sig hafa verið með eðlilega hvíld á þeim tíma;
- að siglingatæki sem voru í gangi við strandið voru dýptarmælir og GPS Plotter. Bæði þessi tæki höfðu innibýggðan aðvörunarbúnað um örugga siglingu en hann var ekki notaður þrátt fyrir þekkingu skipstjóra á notkun hans;
- að skv. b-lið 1. mgr. 12 gr. laga nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa o.fl. skal á skipi sem er styttra en 24 metrar að skráningarlengd vera stýrimaður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var að stjórnandi sofnaði á verðinum.

Sérstakar ábendingar:

Nefndin beinir því til skipstjórnarmanna að fara eftir lögum um mönnun og útivist. Þá hvetur nefndin stjórnendur til að nota allan þann viðvörunarbúnað sem getur komið í veg fyrir atvik sem þetta.